

1872.

15. apríl.

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um dýralækni í suðuramtinu.

Í bréfi, dagsettu 18. f. m., hafið þér, herra stiptamtmaður, tekið það fram, að það væri æskilegt, að hafa Snorra Jónsson sem dýralækni fyrir suðuramtið enn um eitt ár, talið frá 1. maím. þ. á., til þess að nota kunnáttu hans og aðstoð sér í lagi gegn fjárkláðanum, sem hefir gjört vart við sig í ýmsum hreppum í Gullbringu- og Kjósarsýslu og í Árnessýslu. Með því nú jafnaðarsjóður suðuramtsins eigi hefir næg efni til að greiða kostnaðinn, sem rísa mundi af þessu, og sem ætlazt er á að verði 600 rd., án tillags frá hinu opinbera, hafið þér stungið upp á, að stjórnarráðið eins og í fyrra veiti 300 rd. í þessu skyni, af því fè, sem ákveðið er til óvissra útgjalda fyrir Ísland á reikningsárinu 1872—73, gegn því, að jafnmiklu verði varið til þessa úr jafnaðarsjóðnum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, og skal því við bætt, að vèr í dag höfum skrifað landfógeta um, að yður verði borgaðir 300 rd., 25 rd. á hverjum mánuði, úr jarðabókarsjóðnum af því fè, sem tilfært er í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu 1872—73, 9. grein.

15. apríl.

45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um bygging hegningarhúss í Reykjavík.

Um leið og vèr tilkynnum yður, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar fyrst um sinn, að dómsmálastjórnin hefir gefið timburmeistara *Klentz* hèr úr borginni loforð fyrir því, að hann skuli byggja hegningarhúsið o. s. frv. í Reykjavík samkvæmt áætlun þeirri, sem hann hefir samið og sent hingað, fyrir 22,270 rd., skal þess getið, at timburmeistari *Klentz* hefir skýrt frá, að hann sendi erfiðismenn til Reykjavíkur með póstgufuskipinu, sem fari hëðan á morgun; mælumst vèr því til, að þér vísið